

Prettánda fundur nefndar. Haldinn í Alþingishúsinu, dags. 02.05.2019. Fundur hófst kl. 11:45.

Fundinn sátu: Margrét Hallgrímsdóttir, Vilhjálmur Árnason, Steingrímur J. Sigfússon, Óli Halldórsson, Valtýr Valtýsson, Halldóra Mogensen, Bergþór Ólason, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Steinar Kaldal.

Forföll boðuðu: Hanna Katrín Friðriksson., Líneik Anna Sævarsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Inga Sæland.

Fundagerð ritaði: Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

Þetta gerðist:

1. Afgreiðsla verkefna nr. 4, 5 og 6.

Farið var yfir textadrög nefndar um skilgreiningu á mörkum þjóðgarðs, áherslur um skiptingu landsvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka og mögulegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar. Nokkrar tillögur að textabreytingum og viðbótum við textann voru ræddar. Verkefnisstjóra falið að vinna úr þeim.

Varðandi umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar kom fram ósk um að verkefnisstjóri ætti fund með Vegagerðinni til að fá þeirra sjónarhorn á umfjöllun nefndar. Verkefnisstjóra falið að funda með Vegagerðinni.

Ákveðið að uppfærð textadrög nefndar m.t.t. athugasemda á fundi yrðu send nefnd til yfirlstrar eftir fund með Vegagerðinni. Textadrög yrðu svo sett í samráðsgátt þremur dögum eftir að nefnd fengi drög ef engar athugasemdir bærust.

2. Samráðsfundaferð um landið – tímasetning.

Rætt var um hvenær hentugast væri að fara í næstu funduferð um landið. Ekki hentugt að fara í slíka ferð í maí eða júní vegna anna ýmissa hagaðila. Stefnt að því að fara í slíka ferð síðsumars. Lögð áhersla á að nefndarfólk kæmi sem flest á fundina/skipti með sér fundum.

Ákveðið að næsta samráðsfundarferð yrði farin um/eftir miðjan ágúst. Stefnt að því að halda nokkra fundi, mögulega á/nálægt þeim svæðum sem koma til greina sem svæði undir þjónustumiðstöðvar þjóðgarðsins.

3. Kynningarfundur nefndar.

Verkefnisstjóri sagði frá að til stæði að halda kynningarfund um stöðu verkefna nefndarinnar í lok maí. Til stæði að halda hann í fundarsal atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins líkt og áður. Benti á að gott væri að nefndarfólk kæmi á fundinn. Upplýsingar um tímasetningu fundar yrðu sendar fljótlega.

Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 12:40.